



Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Framkvæmdastjórn verkefnastofu Borgarlínu
Dags: 14. maí 2020

Undirbúningur Borgarlínu og annarra verkefna samgöngusáttmálans

Minnisblað þetta er tekið saman eftir fund umhverfis- og samgöngunefndar 8. maí sl. hvar rætt var um stöðu verkefna samgöngusáttmálans. Fulltrúar Verkefnastofu Borgarlínu á þeim fundi voru Bergþóra Þorkeldsdóttir og Páll Björgvin Pálsson sem skipa framkvæmdastjórn verkefnastofunnar ásamt Hrafnkatli Á. Proppé, Bryndísi Friðriksdóttur og Lilju G. Karlsdóttur.

Í lok fundar var ákveðið að tekin væru saman gögn fyrr umhverfis- og samgöngunefnd. Annars vegar upptökur af kynningarfundum sem haldinn var fyrir sveitarstjórnarfólk á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er um að ræða stutta samantekt á skipulagslegri stöðu einstakra verkefna samgöngusáttmálans.

Kynning fyrir sveitarstjórnarfólk

Föstudaginn 20 mars var haldinn kynningarfundur fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á fundinum var farið yfir stöðu og undirbúning Borgarlínuverkefnisins og annarra verkefna samgöngusáttmálans. Fundinum var streymt vegna samkomubanns og var þátttaka góð. Upptaka erindanna er að finna á Youtube rás en tengla má finna undir einstaka dagskrárlið kynningarfundarins.

1. Setning fundar

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH

2. Gerð frumdraga fyrstu Borgarlínuframkvæmda

Hrafnkell Á. Proppé verkefnastjóri verkefnastofu

1. hluti <https://www.youtube.com/watch?v=SDCar0lr5rs>
2. hluti <https://www.youtube.com/watch?v=iGMjJn35k9Q>
3. hluti <https://www.youtube.com/watch?v=-1eK79jdmOY>

3. Undirbúningur annarra framkvæmda samgöngusáttmálans

Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Bryndís Friðriksdóttir svæðisstjóri Vegagerðarinnar fyrir höfuðborgarsvæðið og verkefnastjóra á verkefnastofu Borgarlínu.

1. hluti <https://www.youtube.com/watch?v=dFWxdHOUh5Q>
2. hluti https://www.youtube.com/watch?v=h8-caCC_olo

4. Umgjörð samgöngusáttmálans

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

1. hluti <https://www.youtube.com/watch?v=9Y0uTZY4-tM>

Skipulagsleg staða einstakra verkefna

Unnið er nú að skýrslu með samantekna lýsingu og stöðu einstakra framkvæmda. Tilgangurinn er að hafa á einum stað yfirlit yfir allar framkvæmdir í sáttmálanum með samræmdri lýsingu. Í eftirfarandi töflu er stutt samantekt á skipulagslegri stöðu einstakra framkvæmda stofnvega og Borgarlínu ásamt upplýsingum um stöðu umhverfismats.

Stofnvegir	Framkv	Aðalskipulag	Deilisk.	MÁU
Suðurlandsvegur: Bæjarháls - Vesturlandsvegur	2020	Í samræmi	Liggur fyrir	Óþarft
Vesturlandsvegur: Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	2020-2021	Í samræmi	Liggur fyrir	Óþarft
Reykjanesbraut: Gatnamót við Bústaðaveg	2021	Fer eftir lausn. ASK Reykjavíkur gerir ekki ráð fyrir mislægum gatnamótum	Ekki til staðar	Á eftir að vinna
Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	2019-2020	Í samræmi	Liggur fyrir	Liggur fyrir
Suðurlandsvegur: Norðingavað - Bæjarháls	2027	Í samræmi	Á eftir að vinna	Í vinnslu
Reykjanesbraut/Sæbraut: Holtavegur - Stekkjabakki	2021-2022	Í vinnslu	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Reykjanesbraut: Álftanesvegur - Lækjargata	2024-2028	Fer eftir lausn. Núverandi skipulag gerir ekki ráð fyrir göngum	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Arnarnesvegur: Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	2021	Fer eftir lausn. ASK Reykjavíkur gerir ekki ráð fyrir mislægum gatnamótum en ASK í Kópavogi gerir ráð fyrir mislægum gatnamótum.	Á eftir að vinna	Fer eftir lausn
Miklabraut - stokkur	2022-2026	Í vinnslu	Á eftir að vinna	Í vinnslu
Hafnarfjarðarvegur: Stokkur í Garðabæ	2028-2030	Í samræmi	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Borgarlína				
Ártún - Hlemmur	2021-2023	Í vinnslu	Á eftir að vinna að hluta	Í vinnslu
Hamraborg - Hlemmur	2021-2023	Í vinnslu	Á eftir að vinna	Í vinnslu
Mjódd - BSÍ	2024-2026	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Fjörður - Miklabraut	2027-2030	Á eftir að vinna að hluta	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Ártún - Spöng	2029-2031	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Hamraborg - Lindir	2023-2024	Í vinnslu	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	2031-2033	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna	Á eftir að vinna

